

## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 28. febrúar 2017 á Kjávöllum.

5. fundur

Fundur hófst kl. 17:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Kristín Njálisdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Helga Hermannsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj.  
Berglind Guðmundsdóttir og Ragna Emilsdóttir boðuðu forföll.

Á þessum fimmta fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Magnús framk.stj. gerði stjórn grein fyrir stöðu verkefna. Búið er að gefa út dagskrá fyrir vetrarstarfið. Útprentuð dagskrá liggur frammi fyrir félagsmenn. Magnús fór yfir dagskrá í reiðhöll, vegna snjóalaga hefur tveimur viðburðum verið seinkað. Framundan er mikill vinna við að undirbúa komandi mót og viðburði.
3. Mannvirki, skoða þar loftræstikerfið, þegar stóru hurðarnar eru opnar þarf að meta hvort það hafi óeðlileg áhrif á kerfið. Þegar niðurstaða er komin þarf að hafa samband við Orkuveituna, láta lesa af mælum og fylgjast með eyðslu næstu mánuði og óska eftir leiðréttingu ef bilun er í kerfinu. Magnús framk.stj. fer í málið.
4. Snjómokstur, búið er að ræða við Kópavogsbæ og gera þeim grein fyrir að það getur varðað dýravendunarsjónamið ef ekki er mokað í hverfinu við fyrsta tækifæri þannig að eigendur dýra komist til að gefa og sinna dýrunum. Kópavogsbær staðfesti að hverfið væri á lista yfir götur sem ætti að moka. Snjómokstur er einnig á ábyrgð Garðabæjar.
5. Skipulagsmál, það þarf að fá reiðveganefnd Sprettis til að gera tillögur að skipulagi reiðvega í hverfinu fyrir vorið. Þegar tillögur eru fullmótaðar þarf að funda með skipulagsnefndum Kópavogs- og Garðabæjar.
6. Garðabær auglýsir lóðir og er mikill áhugi.
7. Umsk þing – Hermann og Þorsteinn sóttu þingið fyrir hönd Sprettis. Hermann gerði grein fyrir því sem fram fór á þinginu. Stjórn Sprettis samþykkir að efla en frekar samskipti Umsk og Sprettis. MB, SS og HV taka það að sér.
8. Meistaradeild Cintamani í hestaíþróttum 2017 - Gæðingafimi var haldin í Samskipahöllinni og tókst í alla staði mjög vel. Ánægja knapa og áhorfenda var almenn og viðburðurinn mjög vel sóttur.
9. Gluggar og Gler deildin 2017 – Áhugamannadeild Sprettis hófst fimmtudaginn 16. febrúar með keppni í fjórgangi. Viðburðurinn var vel sóttur og mikil gleði og stemming í Samskipahöllinni þetta kvöld hjá áhorfendum og keppendum. Sérstaka athygli vekja vandaðir þættir á RÚV frá þessari skemmtilegu mótaroð.
10. Samskipa mótaroðin – vetrarleikar Sprettis 2017 fóru vel af stað. Yfir 100 félagar tóku þátt í fyrsta mótinu. Næsta mót er 12. mars, stjórn Sprettis vonast eftir enn meiri fjölda þátttakanda og hvetur alla til að vera með.

11. Ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra tekin upp, endurnýjaður og samþykktur af stjórn Spretts.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Helga Hermannsdóttir